



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 2012

Efni: Umsögn Örkyrjabandalags Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgang almennings að hljóðupptökum Blindrabókasafns Íslands, 389. mál.

Blindrabókasafn Íslands hefur það hlutverk að sjá þeim sem ekki geta nýtt sér prentað letur fyrir almennri bókasafnsþjónustu og jafna þannig þann aðstöðumun sem þar getur skapast. Hljóðbækur og annað rafrænt efni er framleitt í samráði við notendur safnsins og miðlað til þeirra með þeim hætti sem best hentar hverjum og einum. ÖBÍ telur að mikil þörf sé fyrir þessa þjónustu og beri stjórnvöldum að styrkja enn frekar við þá ómetanlegu starfsemi sem fram fer á Blindrabókasafni Íslands.

Vissulega getur það verið mörgum til hagsbóta að opna almenningi aðgang að safnakosti Blindrabókasafns Íslands. Gæta verður þess að aukin eftirspurn eftir safnkosti Blindrabókasafns Íslands komi ekki niður á þeim sem virkilega þurfa á þjónustu þess að halda. Huga verður að þeirri mikilvægu þýðingu sem Blindrabókasafn Íslands hefur fyrir sína skólstæðinga sem ekki geta nýtt sér safnkost almennra bókasafna. Nauðsynlegt er að tryggja að við meðferð þingsályktunartillögunnar að þjónusta við notendur Blindrabókasafns Íslands skerðist ekki.

Virðingarfyllst,

f.h. ÖBÍ

Sigríður Hafdís Runólfsdóttir
ferlimálafulltrúi Örkyrjabandalags Íslands